líf og list



Umsjón: Sigurveig Jónsdóttir


„Allt er snöggt og hvellt"

– segir Kári Eiríksson listmálari sem nú sýnir verk sín að Kjarvalsstöðum

„Þetta er í takt við tímann, diskómúsík, biómyndir eins og Star Wars. Allt er snöggt og hvellt," sagði Kári Eiríksson, listmálari, í samtali við Vísi.

Kári opnaði á laugardaginn mikla sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Nú eru 6 ára liðin síðan hann hélt síðast sýningu hér, þá sem fyrsti leigjandi Kjarvalsstaða. Þetta er ein af þeim sýningum, sem eru að verða sjaldséðir Á Kjarvalsstöðum eru nú aðeins stór olíumálverk, öll ný af nálinni.

Það er ekki auðvelt að fá Kára til að tjá sig um myndir sínar. Hann segist vera á móti öllum stórum yfirlýsingum. Þetta sé sýning á málverkum, sem standi sjálf fyrir sínu, og fólk verði sjálft að túlka þau.



Kári vill láta myndirnar tala fyrir sig sjálfar og hér má sjá nokkrar þeirra ásamt höfundi sínum. Vísismynd: ÞG.

Þessi sama regla gildir líka um nöfn myndanna.

„Nöfn skipta engu máli," segir Kári. „Þau eru bara til að aðgreina verkin hvert frá öðru í sýningarskrá. Ég hugsa að vísu oft um nöfnin á meðan ég vinn myndirnar, en þau koma ósjálfrátt. Aðalatriðið er að þau breyti ekki myndinni fyrir fólki."

Sýningin samanstendur af fjórum tilbrigðum, Stemningum, Geislabylgjustil (sem Kári segir að sé nýjasti stíllinn sinn), Grænu seríunni og Skaflaseríunni.

„Þetta er áframhald af mínum gamla stíl," segir hann. „Ég vil ekki kalla það þróun, heldur áframhald. En nú eru línurnar ákveðnari."

Kári segist alltaf mála eftir árstíðunum. Þannig er Græna serían öll málum í fyrravor. „Þá var alltaf rigning." Og Skaflaserían var máluð í snjónum mikla í vetur.

Það kemur á óvart að sjá að allar myndirnar eru málaðar á þessu og síðasta ári, þegar tekið er tillit til þess hve langt er síðan Kári sýndi síðast. Er það ef til vegna þess að myndirnar hafi selst jafnóðum?

„Nei, ég hef ekkert verið að selja, þótt margir hafi falast eftir mynd. Síðasta árið hef ég málað af fullum krafti og alveg einangrað mig frá öllu, jafnvel látið vera að lesa blöðin. Ég vildi undirbúa þessa sýningu vel og hef því unnið oft upp í 18 tíma á sólarhring. En sumar hugmyndirnar hef ég gengið með lengi. Ég rissa mikið og þjálfa hugann áður en ég byrja á málverkinu. Ég vil sjá myndina vel fyrir mér, en mála hana svo í einum áfanga.

Það hefur alltaf liðið svona langt á milli sýninga hjá mér. Ég vil heldur koma með stóra sýningu og sjaldan. Þetta er í fimmta land.

Síðustu 20 árin hefur Kári eingöngu unnið við listsköpun, á þeim tíma hefur hann aðeins haldið fjórar málverkasýningar hér heima. Þessi er sú fimmta síðan 1959. Auk þess hefur hann haldið fjórar einkasýningar erlendis, síðast í Genf í Sviss 1974.

Sýningin verður opin til 17. júní.

— SJ

JE! JE! JE!

Laugarásbíó: Bítlaæðið í New York / I Wanna hold your hand
Bandarísk árgerð 1978
Leikstjóri: Robert Zemeckis
Myndataka: Donald M. Morgan
Tónlist: The Beatles
Leikendur: Nancy Allen, Bobby de Cicco, Marc McClure, Wendy Jo Sperber og fleiri.



Bítlaæðið í algleymingi

Myndinni er ætlað að gera stutta úttekt á bítlaæðinu, nánar tiltekið ástandinu kringum fyrstu framkomu Bítlanna hjá Ed Sullivan í sjónvarpinu í New York 1964. Æðið í borginni er algjört meðal yngri kynslóðarinnar, annað hvort með eða á móti. Svo eru þeir eldri, sem gera sem mest viðskipti úr öllum saman, gamlir verzlunarstjórar í plötuverzlunum mæta með hárkollu í vinnuna til að vera í takt. Svo er lýst þegar klíka tekur sig upp frá Jersey og einsetur sér að ná fundi goðanna, sama hvað það kostar. Myndin er, líkt og svipaðar myndir af þessu tagi, látin gerast á stuttum tíma, rúmlega sólarhring og endar á þessum tónleikum Bítlanna í sjónvarpssalnum.

Barátta ungmennanna er mest spaugileg. Ég man þetta vel, allt þetta umstang, ég var fjórtán ára þegar þetta var. Myndin er því upplifun í nostalgíu og sem slík er hún sjálfri sér samkvæm og trú efni sínu. Mér fannst því gaman að þessari mynd sem skemmtun. Krakkarnir eru skemmtilegir, týpurnar ágætar og sum uppátækin óborganleg.

Leikur í myndinni er góður, ekki síst þegar til þess er tekið, hve ungir flestir leikaranna eru. Einnig er þessi náungi, sem leikur Ed Sullivan, glettilega líkur honum og nær töktum hans alveg. Ed Sullivan var gestur á mörgum heimilum á hverju sunnudagskvöldi á dögum kanasjónvarpsins og ég man þennan þátt vel, sem atriði eru tekin úr í myndina. Handbragð myndarinnar er ágætt og ber þar að þakka ágætri verkstjórn leikstjórans.

Myndin er ágæt afþreying og eins og fyrr segir upplifun þeim, sem muna þennan tíma vegna þess hve trú hún er málefninu. Hinum yngri er hún kannski meira fræðslumynd um þetta tímabil eldri systkina eða jafnvel foreldra.

Myndin er líka bráðfyndin á köflum, ógleymanlegt er samtal föður og hárskera, þegar þeir ræddu hársnyrtingu sonarins eftir að faðirinn hafði neytt soninn inn í hársnyrtingu, óaðskiljanlegur atburður á þessu tímabili.

kvikmyndir



Pjetur Þ. Maack skrifar.



Vísnavinir héldu vöku að Kjarvalsstöðum fyrir tveim árum og þá var þessi mynd tekin.

SÖNGURINN LENGI LIFI

Vísnavinir ætla nú að endurreisa starfsemi sína með því að hafa vísnakvöld á Hótel Borg á þriðjudagskvöldið, 29. maí, kl. 20.30.

Þarna koma fram margir þekktir vísnasöngvarar og söng-hópar, en annars er ætlunin að þeir sem vilja geti komið með gítar eða önnur hljóðfæri og flutt sitt eigið efni. Raddbönd, helst óslitin, segjast Vísnavinir þiggja með þökkum og allir eru velkomnir því: Margur er rámur en syngur samt.



Viðar Eggertsson, Þórey Aðalsteinsdóttir, Theodór Júlíusson og Svanhildur Jóhannesdóttir í hlutverkum sínum í „Skrítinn fugl — ég sjálfur".

SKRÍTINN FUGL Á AKUREYRI

Leikfélag Akureyrar frumsýndi á föstudaginn gamanleikinn „Skrítinn fugl — ég sjálfur" eftir enska leikritahöfundinn Alan Ayckbourn.

Þýðinguna gerði Kristrún Eymundsdóttir. Leikstjóri er Jill Brooke Árnason. Leikmynd gerði Hallmundur Kristinsson en Freygerður Magnúsdóttir annast búninga.

Leikendur eru Sigurveig Jónsdóttir, Gestur E. Jónasson, Svanhildur Jóhannesdóttir, Viðar Eggertsson, Þórey Aðalsteinsdóttir og Theodór Júlíusson.

„Skrítinn fugl — ég sjálfur" er síðasta verkefni Leikfélags Akureyrar á þessu leikári.